

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 11. október 2016 og hófst kl. 15.00. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu

Sjá fg. stj. ÍM 6/2016, 1. lið. Ritari sendi drög ályktunar til nefndarmanna í ÍM og gaf frest til 5. október til að gera athugasemdir. Athugasemdir bárust frá Eiríki Rögnvaldssyni sem farið var yfir af stjórn ÍM á fundinum.

Hilmar lagði til að inngangsgrein yrði bætt við ályktunina og einnig framtíðarályktanir þar sem útskýrt yrði hvers vegna málnefndin sendi árlega frá sér ályktanir. Vel var tekið í þetta.

Ritari mun ganga frá ályktuninni og láta prenta hana. Henni verður dreift til alþingismanna og fjölmiðla. Einnig var lagt til að hún yrði send til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennara-sambandsins og stærstu sveitarfélaga.

2. Málræktarþing

Ákveðið var að Íslensk málnefnd myndi í þetta sinn ekki leita eftir stuðningi við MS vegna málræktarþingsins. Stefnt er að því að málnefndin greiði fyrir hálf síðuauglýsingu með dagskrá þingsins í dagblaði.

3. Ný vefsíða ritreglna

Sjá fg. stj. ÍM 6/2016, 2. lið. Ritari sagði frá vinnu við hönnun vefsíðu fyrir nýjar ritreglur. Sigrún Sigvaldadóttir hönnuður hefur verið fengin til að hanna síðuna.

4. Áhersluatriði á næsta ári

Ákveðið var í stefnuskrá ÍM 2015–2019 að leggja áherslu á ritun, ritþjálfun og bókmenntamálið 2017 (sjá <http://islenskan.is/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>). Þar stendur m.a. annars: „Ritþjálfun þarf að komast inn í stundaskrár bæði á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Líta þarf á ritþjálfun og ritunarkennslu sem sérstaka kennslugrein, til viðbótar við það nám sem þegar fer fram í íslensku í málfræði og bókmenntum. Íslensk málnefnd telur þetta mikilvægt fyrir allt frekara nám og störf í þjóðfélaginu og til að viðhalda sambandi þjóðarinnar við íslensku sem ritmál. Það er nú þegar í hættu.“ Á fyrirhuguðum fundi Íslenskrar málnefndar 21. nóvember næstkomandi verður útfærsla þessa markmiðs meginefni fundarins.

Önnur mál

a) Menntamálastofnun og sérhljóðabroddar

Vandræði komu upp í sumum skólum þegar nemendur tóku í fyrsta sinn samræmd próf á tölvur í september. Vandinn kom fram í ritunarþætti prófsins í 7. bekk 22. september og var enn óleystur þegar 4. bekkingar tóku prófið viku síðar. Morgunblaðið birti á vefsíðu sinni sunnudaginn 11. september frétt um málið (<http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/09/22/broddstafirnir-brugdust-i-islenskuprofi/>). Er ekki annað að sjá en forsvarsmönnum stofnunarinnar hafi þótt vandinn léttvægur, sbr. ummæli Gylfa Jóns Gylfasonar, sviðsstjóra matssviðs Menntamálastofnunar: „Þetta eru náttúrulega 7.

bekkjarkrakkar og þau eru alvön á þeim snjalltækjum sem þau eiga að nota ekki broddstafi.“ Á Facebook-síðu stofnunarinnar („Með broddstafinn í kverkunum“ 30. september) var einnig gert grín að þessum mistökum. Brynhildur Þórarinsdóttir benti stjórn ÍM á þetta mál. Ákveðið var að senda bréf til Menntamálastofnunar og gagnrýna viðbrögð hennar.

b) Ráðningar hjá Strætó

Íslenskri málnefnd barst ábending um að í frétt í DV frá 21. apríl (<http://www.dv.is/frettir/2016/4/21/25-lithaar-fa-vinnu-hja-straeto-mikill-skortur-bilstjorum>) kæmi fram að Strætó legði áherslu á enskukunnáttu erlendra bílstjóra („var gerð krafa um að bílstjórnarnir gætu talað ensku“) en óljóst hvort þeim væri kennd íslenska. Ákveðið var að kanna þetta nánar.

c) Flybus – Kynnisferðir

Ábending barst 25. september um að ekki væri hægt að bóka miða í flugrútu (*Flybus*) fyrirtækisins Reykjavík Excursions nema á enskri bókunarsíðu (sjá www.re.is/flybus). Ritari spurðist fyrir um þetta hjá fyrirtækinu í tölvuskeyti 26. september. Í svarskeyti frá því kom fram að enn sem komið er væri heimasíðan einungis á ensku. Engin svör bárust við framhaldsfyrirspurn ritara um hvort unnið væri að íslenskri gerð síðunnar.

d) Útsending beinna myndskreyta

Ábending barst um að unnið væri að reglugerð um útsendingu stuttra myndskreiða í menntamála-ráðuneyti þar sem minnkaðar væru kröfur um þýðingar á íslensku. Presti var falið að kanna þetta. Sjá: <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettatengt2016/Drog-ad-reglugerd-um-utsendingu-stuttra-myndskeida-til-kynningar-og-umsagnarb.pdf>

e) Nýr flipi á vefsíðu – ábendingar

Ritari sagði að í ljósi þess að sífellt yrði algengara að málnefndin gerði athugasemdir við fyrirtæki og stofnanir vegna áhrifa ensku þá byðist hann til þess að setja upp nýja síðu og flipa á vefsíðu Íslenskrar málnefndar þar sem birtar yrðu upplýsingar um ábendingar nefndarinnar. Vel var tekið í þetta. Slóð nýju síðunnar er: www.islenskan.is/abendingar.

Mál til bókunar

Sigrún Birna Björnsdóttir, formaður Samtaka móðurmálskennara, greindi frá því í skeyti 26. september 2016 að skipaðir hefðu verið nýir fulltrúar félagsins í Íslenska málnefnd: Steinunn Njálsdóttir aðalmaður og Aðalheiður Guðmundsdóttir varamaður.

Formaður ÍM sendi tölvuskeyti 28. september til Ólafar Nordal innanríkisráðherra þar sem bent var á að bréfi ÍM til ráðherra 17. júní, þar sem gagnrýnt var að enska væri höfð á undan íslensku á upplýsingaskiltum á Keflavíkurflugvelli, hefði ekki enn verið svarað. Vísað var í 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs um hlutverk málnefndarinnar.

Formaður ÍM birti grein í Morgunblaðinu 27. september 2016 undir heitinu *Ég ákvað að vera leiðinleg*.

Málnefndinni barst ábending 28. september um að í veitingahúsinu Fish and chips í Tryggvagötu væru matseðlar eingöngu á ensku. Öldruð móðir þess sem sendi erindið hefði orðið miður sín yfir því að geta ekki sjálf lesið matseðilinn.

Fundi lauk kl. 15.50

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.